

**Minnesota Wellness Publications, Inc.**

PO Box 1

Grandy, MN 55029

(763) 689-WELL (9355)

[info@mnwelldir.org](mailto:info@mnwelldir.org)

Þessi grein er þýðing úr ensku á grein, er finnst á eftirfarandi vefsíðu:  
<http://www.mnwelldir.org/docs/nutrition/sugar.htm> , Þýðingin, ártöl í svigum og stjörnu-  
merking er gerð af Guðbjarti Sturlusyni.

## **Krabbamein elskar sykur**

Sérhver læknir hefir í námi sínu heyrt um stórkostlegar uppgötvanir Ottos Warburgs (1883-1970), en á þriðja áratug síðustu aldar, uppgötvaði hann líffræðilega megin orsök krabbameins, eða það sem skilur á milli krabbameinsfruma og heilbrigðra frumna. Þetta var svo merkileg uppgötvun, að Otto Warburg hlaut Nóbelsverðlaun (1931) fyrir.

**Krabbamein á sér aðeins eina megin orsök. Það er, þegar skipt er út eðlilegri súrefnisöndun frumnanna, fyrir loftfirra (anaerobic) öndun frumnanna. –Dr. Otto Warburg**

En hvað annað segir uppgötvun Warburgs okkur. First af öllu segir það okkur, að efnaskipti krabbameinsfrumnanna eru allt önnur en eðlilegra frumna. Eðlilegar frumur þurfa súrefni. Krabbameinsfrumur fyrirlíta súrefni. Í raun er súrefnismeðferð val margra þeirra, sem stunda óhefðbundnar meðferðir, og sem við höfum rannsakað.

Í öðru lagi segir þetta okkur, að efnaskipti krabbameins á sér stað með gerjun.

Ef þú hefir einhvern tíman gert vín, þá veistu, að gerjun krefst sykurs.

Efnaskipti krabbameins eru u.þ.b. átta sinnum meiri, heldur en eðlilegra frumna.

Jæja, nú getum við sett saman, það sem við vitum, af ofanskráðum atriðum. Líkaminn er endalaust, að næra þetta krabbamein. Krabbameinið er síhungrað og kallar stöðugt eftir næringu frá líkamanum. Þegar fæðuframboðið er skert, sveltur krabbameinið, nema það geti látið líkamann framleiða sykur, svo það geti nærst.

Hið eyðileggjandi heilkenni, Cachexia\*, er þegar líkaminn er að framleiða sykur úr próteinum, ekki úr kolvetni eða fitu, heldur próteinum, með efnabreytingu, sem kallast glycogenesis. Þessi sykur nærir krabbameinið. Að lokum deyr líkaminn úr sulti, við að reyna að næra krabbameinið.

\***Cachexia:** Physical [wasting](#) with loss of weight and muscle mass caused by disease. Patients with advanced [cancer](#), [AIDS](#), and some other major chronic progressive diseases may appear cachectic. Cachexia is a wasting syndrome that causes weakness and a loss of weight, fat, and muscle. (Þessi enska skýring er fengin frá : [www.MedicineNet.com](http://www.MedicineNet.com) (þýð.gs))

Nú, vitandi að krabbameinið þitt þarfnast sykurs, er þá nokkurt vit í, að næra það á sykri? Er nokkurt vit í, að vera með mjög sykurríkt fæði?

Ástæðan fyrir því, að fæðumeðferðir við krabbameini finnast enn í dag (fyrir utan þá staðreynd, að þær virka) er sú, að einu sinni sá einhver tengsl á milli sykurs og krabbameins. Það finnast margar fæðumeðferðir, en ekki ein einasta þeirra byggir á kolvetnaríkri fæðu, og alls engin leyfir notkun sykurs, **VEGNA ÞESS, AÐ SYKUR NÆRIR KRABBAMEIN.**

Hvers vegna segir læknirinn þinn þér ekki frá þessu? Það er erfitt, að segja. Kannské finnst læknum þínum það vera hans hlutverk, að lækna krabbameinið þitt, en ekki þitt verk. Kannské vegna þess, læknirinn þinn lærði um Warburg, en setti hlutina aldrei í samhengi, setti aldrei næringuna inn í jöfnuna. Kannské vegna þess, læknirinn þinn lærði ekki næringarfræði. Því miður – svo seint sem 1978, mátti sjá opinbera afstöðu (er að finna í ráðstefnuskýrslum) AMA (American Medical Assosiation), að næring hefði ekkert með sjúkdóma að gera.

Hins vegar hafa þeir, sem veitt hafa athygli þessari sykurlátra krabbameinsins, komið fram með nokkrar athyglisverðar meðferðir gegn krabbameini. Laetrile er aðeins ein þeirra. Hydrazine sulfat, sem stoppar af glycogenesis myndunarferlið í meira en 50% allra sjúklinga með cachexia er annað.

Hverfum aðeins aftur til 2004, í háskólanum í Minnesota, þar voru menn að gera tilraunir með krabbameinslyf í því, sem kalla má „snjallsprengjur“. Hugmyndin er þessi: lyfið er hjúpað, þannig að það helst ósnert, meðan það ferðast um líkamann, þangað til það kemur á svæði þar sem „ekkert súrefni“ er til staðar. Þá fellur hjúpurinn af krabbameinslyfinu, sem þá eyðir krabbameininu, því eini staðurinn í líkama þínum þar sem „ekkert súrefni“ er, er á krabbameinssvæðinu.

Niðurstöður þessara rannsókna hafa verið grafnar niður. Ekkert er til um þær. Það finnast hinsvegar fullt af greinum um aðrar krabbameins „snjallsprengjur“, en það finnst ekkert um rannsóknir UofMN (háskólinn í Minnesota). Sé leitað með nokkrum helstu leitarorðum á netinu, þá höfum við aðeins fundið okkar grein (endurútgefna á nokkrum öðrum heima-síðum), sem minnst á þessa rannsókn.

Síðan eru það matarmeðferðirnar: sem miða að því, að svelta krabbameinið. Vitandi hvað krabbameinið elskar, það á krabbameinssjúklingurinn að forðast. Krabbameinið nærast betur á elduðum mat, frekar en á hráum (Eldun matar eyðileggur enzym og hitaviðkvæm vítamín), kannaðu þess vegna greinar okkar

um krabbameinsfæði. Og gleymdu því ekki, að krabbamein elskar sykur. Ef þér líkar ekki við krabbameinið þitt, vertu þá ekki, að fæða það.

-----